

**147. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,  
19. nóvember 2020 og hófst hann kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ragnheiður Ásta Brynjólfsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2008156 - Leikskóli Skógarhverfi - hönnun og samningar**

Kynning á stöðu hönnunar á nýjum leikskóla.

*Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla og Ragnheiður Ásta Brynjólfsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna sátu fundinn undir þessum lið.*

*Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og umsjónarmaður fasteigna kynntu stöðu á hönnun nýs leikskóla.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir góða samantekt á stöðunni.*

*Karl, Alfreð og Ragnheiður víkja af fundi.*

**2. 2010265 - Leikskólar - ytra mat 2021**

Menntamálastofnun mun láta gera ytra mat á leikskólum árið 2021 og auglýsir eftir umsóknum.

*Anney situr áfram undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð hvetur leikskólanna á Akranesi til senda umsókn um þátttöku í ytra mati Menntamálastofnunar.*

**3. 2009162 - Fjárhagsáætlun 2021 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2022-2024**

*Umræða um vinnu við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2021 og vísað áfram til næsta fundar.*

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.  
Sign (BD, RBS, SMS, FES).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**